

Björg Karlsdóttir, Brynjar Emilsson, Margrét Eiríksdóttir

Vettvangsteymi - nýtt úrræði á geðsviði LSH

Inngangur

Vettvangsteymið er nýtt úrræði á geðsviði. Það var stofnað að tilhlutan stjórnvalda til að stýra og skipuleggja þjónustu fyrir geðsjúka, sem þurfa á langtíma meðferð að halda en geta ekki nýtt sér þá meðferð, sem er í boði innan geðdeilda. Vettvangsteymið var stofnað í þessum tilgangi ásamt því að koma betur til móts við þarfir þessa hóps sjúklinga úti í samfélaginu. Það hafði farið fram umræða í þjóðfélaginu um sjúklinga með langvinn veikindi, sem talið var að fengju ekki þá þjónustu, sem þeir þyrftu á að halda á geðdeildum LSH.

Vettvangsteymið er þverfaglegt teymi, sem var stofnað í janúar 2005 og tók til starfa 1. mars 2005. Vettvangsteymið er staðsett á göngudeild geðdeildar LSH á Kleppi. Í teyminu eru nú geðlæknir, tveir geðhjúkrunarfræðingar, tveir félagsráðgjafar og einn sálfræðingur. Í tengslum við Vettvangsteymið var stofnuð sérhæfð geðdeild á Kleppsspítala fyrir sama markhóp og Vettvangshjúkrunarteymi þar sem starfa áður nefndir geðhjúkrunarfræðingar og tveir sjúkraliðar. Vettvangshjúkrunarteymið sinnir lyfjaeftirliti, hjúkrun og stuðningi við þá, sem eru utan stofnunar.

Vettvangsteymi

Sá markhópur, sem Vettvangsteymið sinnir, er fólk sem er með alvarlega geðrofssjúkdóma og sjúklingar með fjölþætt og flókin veikindi s.s. geðsjúkdóm og fíkn. Þessir sjúklingar sýna oft lélega meðferðarheldni, hætta að taka lyf og detta úr göngudeildareftirliti. Sjúklingarnir þiggja oft ekki meðferð sjálfviljugir, félagsleg staða þeirra er bágborin, og einstaklingar innan þessa hóps geta verið sjálfum sér og öðrum hættulegir, ef ekkert er að gert. Vettvangsteymið tekur við beiðnum frá meðferðaraðilum sjúklinga, aðstandendum og öðrum sem veita þeim þjónustu. Teymið fjallar



um innlagnarbeiðnir á sérhæfða geðdeild á fundum sínum sem eru einu sinni í viku. Einnig fjallar teymið um beiðnir um aðra þjónustu svo sem þjónustu geðlæknis, félagsráðgjafa, sálfræðings og vettvangshjúkrun.

Hlutverk Vettvangsteymis er að fara á vettvang til geðsjúkra einstaklinga úti í samfélaginu, sem þarfnast meðferðar og aðstoðar ásamt því að veita ráðgjöf og stuðning við meðferð og eftirlit alvarlegra geðsjúkra.

Hlutverk Vettvangsteymis er einnig að fylgja eftir þeim sem leggjast inn á sérhæfða geðdeild og aðrar geðdeildir eftir beiðnum þaðan. Vettvangsteymið skipuleggur síðan eftirlit og úrræði eftir útskrift af geðdeildum og hittir gjarnan sjúklinga og aðstandendur þeirra fyrir útskrift. Einnig á Vettvangsteymið að fylgjast með og meta þá sem eru ekki meðferðarheldnir og eru veikir og vinna að því að komast að samkomulagi við þá um meðferð.

Verkefni Vettvangsteymis er að þróa og endurskoða starfsemi teymisins, taka þátt í rannsóknnum, kennslu og fræðslustörfum ásamt þátttöku í gæðaverkefnum. Vettvangsteymið á einnig að vinna að gerð klínískra leiðbeininga varðandi meðferð þessa fólks í samvinnu við aðra fagaðila á geðsviði. Það á hafa eftirlit með því að það fólk, sem Vettvangsteymið sinnir, njóti eins góðrar þjónustu og unnt er og tryggja því þjónustu. Það er gert með því að vera í góðu samstarfi við þá aðila, sem koma að máli þessa fólks og veita því þjónustu, svo sem svæðisskrifstofur, Velferðarsvið og þjónustumiðstöðvar Reykjavíkurborgar, félagsþjónustur sveitarfélaga, Tryggingastofnun ríkisins, hagsmunafélög o.s.frv.

Hugmyndafræði vettvangsteymis byggist á bandarískri fyrirmynd sem kallast „Assertive Community treatment“ (ACT).

Þessi hugmyndafræði leggur áherslu á, að

þjónustan sé aðgengileg og sveigjanleg og veitt í umhverfi notandans, samkvæmt þörfum hans og í samráði við hann. Þjónustan er veitt eins lengi og notandinn þarfnast hennar.

Lykilatriði í ACT eru eftirfarandi: Þverfaglegt teymi og samvinna, teymisnálgun, samþætt þjónusta sem fer fram úti í samfélaginu, lágt hlutfall sjúklunga á hvern starfsmann og að sjúklingar teymisins séu ekki fleiri en svo að allt starfsfólk teymisins þekki til þeirra og sjúklingarnir þekki starfsfólkið¹.

ACT er aðferð við að skipuleggja þjónustu, sem felur í sér samþættingu, teymisvinnu og samfelli í umönnun.

Markmiðið í nálgun ACT við notendur þjónustunnar er einfalt: Það er að hjálpa fólki með alvarlega geðsjúkdóma að lifa eins sjálfstæðu lífi og mögulegt er. Teymið vinnur að þessu markmiði í fyrsta lagi með því að kynnast hverjum einstaklingi persónulega. Í öðru lagi að vinna með einstaklingunum á þeirra eigin forsendum, hlusta á þá og meta áhrif geðsjúkdómsins á líf þeirra svo sem menntun, atvinnu og fjölskyldutengsl. Í þriðja lagi að skilja og gera sér grein fyrir reynslu einstaklingsins og viðbrögðum hans við geðheilbrigðisþjónustu og hugmyndir hans um það sem er að gerast í umhverfi hans. Í fjórða lagi í samvinnu og samráði við einstaklinginn að þróa og skipuleggja meðferð og endurhæfingu til að minnka áhrif geðsjúkdómsins og hjálpa einstaklingnum að uppfylla persónulegar þarfir í sambandi við t.d. búsetu, vinnu, tómstundir, fjölskyldu og vini¹.

Grunnurinn að nálgun ACT byggist á því að starfsfólkið stofni til varanlegra tengsla við einstaklinginn, sem byggjast á trausti, svo að árangur náist í vinnu þess með honum. Í öðru lagi að einstaklingurinn taki fullan þátt í því með starfsfólkinu að skipuleggja þjónustuna og framkvæmd hennar. Í þriðja lagi að örva bjartsýni einstaklingsins og veita honum stuðning til að efla bataferli hans¹.

ACT nálgunin og hugmyndafræðin, sem Vettvangsteymið vinnur eftir tekur til margra þátta í lífi og umhverfi geðsjúkra og aðstandenda þeirra. Þess vegna er lögd áhersla á samvinnu og samráð við geðsjúka og fjölskyldur þeirra. Þessi þjónusta getur haft mikil áhrif á geðsjúka og alla í nánasta umhverfi þeirra og þegar vel tekst til orðið til þess að öllum líður betur bæði þeim og fjölskyldum þeirra.

Vettvangshjúkrunarteymi og vettvangshjúkrun.

Vettvangshjúkrunarteymi er teymi geðhjúkrunarfræðinga og reyndra sjúkraliða innan Göngu- deildar á Kleppsspítala og er hluti af Vettvangsteyminu. Teymið vinnur að heimageðhjúkrun. Nafngiftin vettvangshjúkrun var valin til aðgreiningar frá Heimageðhjúkrunarteymi Heilsugæslunnar í Reykjavík.

Meginviðfangsefni teymisins er að veita heimageðhjúkrun til einstaklinga og fjölskyldna sem ekki njóta af einhverjum ástæðum þeirrar þjónustu og meðferðar sem þeir og fjölskyldur þeirra þarfnast vegna geðrænna veikinda.

Meginmarkmið Vettvangshjúkrunar er að alvarlega geðsjúkir einstaklingar geti búið við vaxandi öryggi og jafnvægi gagnvart sjúkdómi og umhverfi og notið hámarks lífsgæða. Eins og fram kemur í umfjöllun um starfsemi Vettvangsteymis hefur komið í ljós að stór hluti þeirra einstaklinga sem leitað hefur verið aðstoðar fyrir hjá Vettvangsteyminu hafa ekki þörf fyrir innlögn á geðdeildir heldur miklu fremur öflugri og varanlegri stuðning en þeir hafa átt kost á til að geta búið á eigin heimili og haldið jafnvægi gagnvart geðsjúkdómi.

Hugmyndafræði heilrænnar hjúkrunar tekur til manneskjunnar í heild sinni í þeim andlega, líkamlega og félagslega veruleika sem hún hrærist í hverju sinni. Litið er á meðferðartengsl hjúkrunarfræðings og sjúklings sem grundvöll hjúkrunar. Verkefni hjúkrunar er samvinna við sjúkling og fjölskyldu við að koma á eða viðhalda jafnvægi gagnvart sjúkdómi^{2,3}. Gagnreynd þekking um meðferð vegna alvarlegra geðsjúkdóma bendir til mikilvægis þess að mæta þörfum hvers einstaklings og fjölskyldu hans eins og þær eru hverju sinni. Traust í meðferðarsambandi og samfella í lyfjameðferð og annarri þjónustu virðast mikilvægur grundvöllur fyrir að sjúklingur geti nýtt sér meðferð og viðhaldið jafnvægi⁴. Rannsóknir benda til að tengsl séu milli aukins fjölda uppfylltra þarfa og aukinna lífsgæða hjá þeim sem eru haldnir alvarlegum geðsjúkdómum⁵. Samkvæmt ofansögðu er augljóslega þörf á sérhæfðri samfélagslegri nálgun gagnvart vandamálum alvarlegra geðsjúkra. Vettvangshjúkrunarteymið hefur líkt og Vettvangsteymið stuðst við þá hugmyndafræðilegu nálgun sem kennd er við Assertive community treatment,

hér skammstafað ACT. Þessi samfélagslega nálgun við að mæta þörfum alvarlega geðsjúkra er vel skilgreind og vel rannsökuð⁶. Niðurstöður rannsókna benda til að ACT sé ekki dýrari en hefðbundin þjónusta. Hún dragi úr sjúkrahúsinnlögnum og að neytendur séu ánægðari með ACT en hefðbundna þjónustu⁷. ACT-teymi er þverfaglegt teymi umönnunaraðila sem veitir þjónustu á forsendum sjúklingsins á heimili hans eða annarstaðar þar sem hann þarfnast hennar. Nálgunin er einstaklingsmiðuð og byggir á meðferðarsambandi sjúklings og starfsmanns. Þó er gert ráð fyrir náinni samvinnu þeirra sem starfa í ACT-teymi þannig að öll meðferð sé í raun samstarf teymis. Þannig nýtur hver meðferðaraðili stuðnings frá teyminu þegar erfiðleikar koma upp. Gert er ráð fyrir að umfang og sjúklingafjöldi hvers teymis sé ekki meiri en svo að allir sjúklingar teymis þekki alla starfsmenn þess og eigi því auðvelt með að þiggja þjónustu hvers sem er úr teyminu.

Vettvangshjúkrunarteymið tekur við beiðnum frá Vettvangsteymi og sinnir fyrst og fremst þörfum þeirra sem ekki geta nýtt eða samræmt önnur úrræði sem eru í boði í samfélagi eða á sjúkrahúsi. Vettvangshjúkrunarteymið starfar án tímaramma og sinnir einstaklingum eins lengi og þeir hafa þörf fyrir. Teyminu er ætlað að mæta þörfum einstaklings og fjölskyldu eins og þær eru hverju sinni. Skammtíma- og langtíma-markmið vettvangshjúkrunar verður þó ávallt að hjálpa einstaklingi og fjölskyldu til sjálfshjálpar. Meðferð er byggð á gagnkvæmum samskiptum sjúklings, fjölskyldu og meðferðaraðila.

Samkvæmt þessari forskrift er vettvangshjúkrunin teymisvinna hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða innan göngudeildar á Kleppi í náinni samvinnu við Vettvangsteymið. Vegna þess hve teymið er lítið er sólarhringsþjónusta ekki möguleg. Meðlimir teymis vinna á vöktum kl. 08-20 virka daga og kl. 12-20 um helgar.


Verkefni vettvangshjúkrunar eru að þróa meðferðarsamband og skapa traust gagnvart einstaklingi og fjölskyldu. Að þetta traust skapist er mikilvægur grundvöllur þjónustu. Til að tryggja fjölbætta þjónustu við sjúklinginn og fjölskyldu hans hefur reynst nauðsynlegt að koma á tengslum og samvinnu við ýmsa aðra aðila sem eru að sinna sjúklingum Vettvangshjúkrunarteymis. Þar má nefna lækna, sálfræð-

inga, félagsráðgjafa, iðjubjálfa, sjúkrapjálfa, næringarráðgjafa og ýmsa starfsmenn félagsþjónustu. Þetta er oft tímafrek og flókin vinna en nauðsynleg til að tryggja samfellu í þjónustu. Verkefni vettvangshjúkrunar geta snert allflest ar hliðar mannlegs lífs eins og aðstoð við að annast heimili og húsnæði, aðstoð við að halda sambandi við alla aðra aðila sem geta aðstoðað við að halda húsnæði og annast heimili, aðstoð við næringu og persónulegt hreinlæti, aðstoð við skipulagningu og stjórn fjármála, aðstoð við að stofna til og viðhalda meðferðarúrræðum, námi, vinnu eða frístundaiðju og aðstoð við að viðhalda heilbrigði og bregðast við heilsufarsvandamálum.


Þegar þessi orð eru rituð á haustdögum 2006 hefur Vettvangshjúkrunarteymið verið við störf í 9 mánuði. Starfsmenn hafa verið að bætast í teymið smám saman og eru nú 4 starfsmenn í fullri vinnu. Sjúklingum teymisins fjölga einnig smám saman. Teymið sinnir nú 29 einstaklingum samhliða því sem það mótar vinnureglur sínar og starfsaðferðir.

Fyrstu niðurstöður af starfi vettvangsteymis

Á tímabilinu fyrsta mars 2005 til loka september 2006 bárust Vettvangsteyminu 84 umsóknir. Alls var um að ræða 70 einstaklinga (44 karlar og 26 konur) en 11 þeirra áttu tvær eða fleiri umsóknir á tímabilinu. Meðalaldur þeirra sem vísað var til vettvangsteymis var 40,8 ár. Af þeim 84 umsóknum sem Vettvangsteyminu barst á tímabilinu voru sérfræðilæknar í geðlækningum á geðsviði Landspítala-Háskólasjúkrahúss meirihluti tilvísenda (sjá mynd 1) en næst stærsti hópurinn voru hjúkrunarfræðingar á geðsviði. Þannig voru 78%



Mynd 1. Tilvísendur til vettvangsteymis (84 tilvísanir)




Mynd 2. Aðalsjúkdómshgreining einstaklinga (N=70).

allra umsókna komnar frá starfsfólki geðsviðs. Þá voru tilvísanir frá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar, heilsugæslustöðvum, aðstandendum, ÖBÍ, Fangelsismálastofnun ríkisins, Vin (athvarf Rauða Kross Íslands) og fleirum.


Þeir einstaklingar sem vísað var til Vettvangsteymis höfðu flestir sjúkdómshgreininguna geðklofi sem fyrstu greiningu (sjá mynd 2) eða 48 einstaklingar af 70. Næst stærsti hópurinn voru einstaklingar með geðhvörf (bipolar disorder) eða 12.

Sem seinni greiningu (aukagreiningu) voru 25 einstaklingar með áfengis og/eða vímuefnavandamál (sjá mynd 3). Taka ber fram að ekki voru allir einstaklingarnir með aðra sjúkdómshgreiningu en aðalgreiningu.

Ef skoðaðar eru þær aðgerðir sem Vettvangsteymið tók til við afgreiðslu tilvísana sést að flest málín voru unnin með ýmiss konar vinnu Vettvangsteymis eins og að koma málum aftur í farveg, athuga ástand einstaklingsins, safna upplýsingum og fleira og voru 40% af málunum unnin þannig (önnur vinna) (sjá mynd 4). Af þeim 84 umsóknum sem bárust var 30 málum vísað í Vettvangshjúkrunarteymið sem vinnur í nánu samstarfi við Vettvangsteymið en 11 umsóknir voru afgreiddar með innlögn á sérhæfða geðdeild



Mynd 3. Aðrar greiningar.



Mynd 4. Afgreiðsla mála (84 tilvísanir).

(deild 15) á Kleppspítala en aðilar innan Vettvangsteymis stýra meðferðinni þar.

Lokaorð

Á tímabilinu mars 2005 til september 2006 höfðu Vettvangsteyminu borist 84 umsóknir. Flestir einstaklingar sem sótt var um aðstoð fyrir höfðu geðklofagreiningu og var flestum vísað af starfsfólki innan Landspítala- Háskólasjúkrahúss. Margar tilvísanir voru unnar af teyminu með ýmiss konar vinnu og þá sérstaklega að koma málum aftur í fyrri farveg en mörgum málum var vísað til Vettvangshjúkrunarteymisins og eru þar flest ennþá í vinnslu. Höfundar telja að hugmyndafræði og verklag teymisins geti veitt betri samfellu í þjónustu og verði til þess að heildarinnlögnum þessa hóps muni fækka. Vettvangshjúkrunarteyminu hefur gengið vel og náð að sinna þeim verkefnum sem tilheyra því. Höfundar telja að starf Vettvangsteymis hafi gengið vel en þó er vinna teymisins í stöðugri þróun sem og vinna Vettvangshjúkrunarteymis og sérhæfðar geðdeildar. Vettvangsteymið er nýtt úrræði fyrir einstaklinga sem ekki hafa getað nýtt sér þjónustu innan spítalans eða hefðbundin meðferð ekki dugað. Þetta er því nauðsynleg þjónusta til að koma til móts við þarfir þessara einstaklinga og mun vonandi verða til þess að auka lífsgæði þeirra.

Heimildaskrá:

1. Allness DJ, Knoedler WH. A Manual for ACT Start-Up Based on the PACT Model of Community Treatment for Persons with Severe and Persistent Mental Illnesses. The Nation's Voice of Mental Illness, 2003.
2. O'Toole AW, Welt SR. Interpersonal theory in nursing practice. New York: Springer publishing company, Inc., 1989.
3. O'Brien L. The relationship between community psychiatric nurses and clients with severe and persistent mental illness: The clients experience. Australian and New Zealand Journal of Mental Health Nursing, 2001, 10: 176-186.



4. McGorry P. Royal Australian and New Zealand College of Psychiatrists clinical practice guidelines for the treatment of schizophrenia and related disorders. Research Center and Department of Psychiatry, The University of Melbourne Australia, 2001.
5. Bengtsson-Tops A, Hansson L. Clinical and social needs of schizophrenic outpatients living in the community: The relationship between needs and subjective quality of life. *Social Psychiatry Epidemiol*, 1999, 34: 513-518.
6. Phillips S. Moving assertive community treatment into standard practice. *Psychiatric Services*, 2001, 52:771-779.
7. Prince PN, Gerber GJ. Subjective well-being and community integration among clients of assertive community treatment. *Quality of Life Research*, 2005, 14(1): 161-169

Björg Karlsdóttir félagsráðgjafi, geðsviði Landspítali-Háskólasjúkrahús.

Brynjar Emilsson sálfræðingur, geðsviði Landspítali-Háskólasjúkrahús.

Margrét Eiríksdóttir geðhjúkrunarfræðingur, geðsviði Landspítali-Háskólasjúkrahús.

ÞÖKKUM EFTIRTÖLDUM VEITTAN STUÐNING:

Tannlæknastofa Einars Magnússonar
Triton sf. - Tannsmiðastofa
Varmamót ehf.
Verkalýðs- og sjómannafél. Keflavíkur
og nágrenni
Verkfræðistofa Suðurnesja ehf.
Verslunarmannafélag Suðurnesja

Grindavík

Þorbjörn Fiskanes hf.

Sandgerði

Sandgerðisbær
Fold-X

Garður

Sveitarfélagið Garður

Njarðvík

Hitaveita Suðurnesja
Prentsmiðjan Stapaprent

Mosfellsbær

Garðplöntustöðin Gróandi
Gunnar og Kjartan ehf.
Ísfugl ehf.
Monique van Oosten

Akranes

Bifreiðastöð Þ.Þ.Þ. ehf.
Bókasafn Akraness
Byggðasafn Akraness og nærsveita
Glugga og Glerhöllin
Hópferðabifreiðar Reynis.Jóhanns ehf.
Smellinn hf.
Trésmiðjan Akur
Viðskiptaþjónusta Akraness ehf.

Borgarnes

Borgarbyggð

Dvalarheimili aldraðra
Framköllunarþjónustan ehf.
Happdrætti Háskóla Íslands
Háskólinn á Bifröst
Loftorka Borgarnesi ehf.
Safnahús Borgarfjarðar
Skorradalshreppur
Tak-Malbik ehf.

Stykkishólmur

Ásklif ehf.
Helgafellssveit
Saumastofa Íslands, Stykkishólmi
Sólborg ehf.

Grundarfjörður

Berg vélsmiðja ehf.

Ólafsvík

Ferðaþjónustan Snjófell ehf.
Litabúðin

Hellissandur

Sjávariðjan Rifi hf.

Búðardalur

Dalabyggð
Hjúkrunar og dvalarheimilið Fellsenda
Reykhólahreppur

Ísafjörður

Fasteignasala Vestfjarða
Félag opinberra starfsmanna á
Vestfjörðum
Gámaþjónusta Vestfjarða ehf.
Hamraborg ehf.
Ísafjarðarbær
Löggiltir endurskoðendur
Vestfjörðum ehf.
Orkubú Vestfjarða

Súðavík

RKÍ Súðavíkureild
Súðavíkurhreppur

Patreksfjörður

Grunnskóli Vesturbyggðar
Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði

Tálknafjörður

Eik ehf. - trésmiðja

Brú

Verkalýðsfélag Hrutfirðinga

Dranganes

Kaldrananeshreppur

Kjörvogur

Hótel Djúpavík ehf.

Hvammstangi

Heilbrigðisstofnun Hvammstanga
Húnaþing vestra
Sparisjóður Húnaþings og Stranda

Blönduós

Gistiheimilið Blönduból

Skagatrönd

Skagabyggð

Sauðárkrókur

Héraðsbókasafn Skagfirðinga
Kaupfélag Skagfirðinga
Króksverk ehf.
K-Tak hf
Sparisjóður Skagafjarðar

Varmahlíð

Akrahreppur - Skagafirði